

02. nóv. 2015



UMHVERFISSTOFNUN

LL50 ehf.  
Arnar Benjamín Kristjánsson  
Fiskislóð 45m  
101 Reykjavík

Ísafjörður 28. október 2015  
UST201510-108/J.S.J

## Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum – Friðlandið á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi LL50 ehf. dagsett 21. október 2015, þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum, n.t.t. ljósmynda- og kvikmyndatöku á Hesteyri og Stekkeyri í Jökulfjörðum í Hornstrandafriðlandinu.

Hornstrandir eru friðlýstar og er friðland skv. lögum sem auglýst voru í stj.tíð. B, nr. 332/1985. Samkvæmt friðlýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Hesteyrarþorpið er einn helsti vitnisburður þorpsmyndunar innan friðlandsins á Hornströndum. Hesteyri fékk löggildingu sem verslunarstaður árið 1881 og þjónaði íbúum fram til ársins 1952. Á Stekkeyri eru minjar hvalstöðvar sem reist var árið 1894

### Lýsing framkvæmdar:

Fram kemur í umsókn að áætlað sé að upptökur hefjist mánudaginn 9. nóvember og ljúki sunnudaginn 15. nóvember. Tekið verði upp myndefni á Hesteyri, Stekkeyri og nærumhverfi. M.a. verði notast við flygildi (e. Drone) og myndefni tekið í ca. 20-30m flughæð. 30 einstaklingar komi að verkefninu og munu hafa aðstöðu í einkaeign á Hesteyri. Ekki verði notast við nein vélknúin tæki, né uppsetningu búnaðar á svæðinu.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun lítur svo á að óheimilt sé að fljúga ómönnum loftförum á friðlýstum svæðum nema með leyfi Umhverfisstofnunar, þar sem litið er á slíkt flug sem framkvæmd samkvæmt 38. gr. nátturuverndarlaga nr. 44/1999, sem spillt geti friðlýstum náttúruminum. Því þarf leyfi Umhverfisstofnunar þegar taka á kvikmyndir eða ljósmyndir innan friðlýstra svæða með ömönnum loftförum.

Þrátt fyrir fjölmennan starfshóp og mögulegt tímabundið rask á gróðri sökum viðkvæmrar gróðurþekju á þessum árstíma, er það ekki talið breyta ásýnd Hesteyrarjarðarinnar eða rýra verndargildi náttúruvafars í friðlandinu, að því gefnu að tilhögun verði í samræmi við skilyrði Umhverfisstofnunar. Er það mat Umhverfisstofnunar að verkefnið komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

### Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umrædds verkefnis. Jafnframt setur stofnunin eftirfarandi skilyrði:

- LL50 ehf. skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem liggja fyrir leyfisveitingunni áður en undirbúningur og tölur hefjast.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tölur hefjast og hvenær þeim lýkur. Senda skal sérfræðing tölvupóst á netfangið jon.jonsson@umhverfisstofnun.is auk þess skal gera ráð fyrir sérfræðing Umhverfisstofnunar í båt ferðapjónustuaðila.
- Starfsmenn gangi snyrtilega um svæðið, forðist allt rask og fjarlægji allt rusl að tölum loknum.
- Óheimilt verði að raska jarðminjum og gróðri
- Óheimilt verði að trufla dýralíf
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tölunum og frágangi svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik skilyrða leyfisveitingar.
- Umhverfisstofnun bendir LL50 ehf. á að hafa samband við landeigendur á svæðinu.

Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara, sbr. upplýsingabréf um ómönnuð loftför, dagsett 6.2.2014. Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10. Samkvæmt reglum þarf leyfi Samgöngustöfu ef ómannað loftfar er yfir 5 kg að heildarþyngd. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að leyfishafi fylgi þeim reglum sem gilda um ómönnuð loftför við kvikmyndatökuna.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun viðhafa eftirlit í upphafi framkvæmdar, 4 klst. sbr. gjaldskrá nr. 535/2015, eða kr. 11.900 á klst.

Virðingarfyllst

JÓN SMÁRI JÓNSSON

Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri